

Því dæmist rétt vera:

Framangreind meiðyrði um stefnda, Jón Jenson yfirdómara, eiga að vera dauð og ómerk. Áfryjandi J. P. Brillouin vicekonsull greiði 150 kr. sekt í landssjóð eða sæti 25 daga einföldu fangelsi, ef sektin er ekki greidd á réttum tíma. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómnum óraskað. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfryjandi stefnda 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 17. dag. októbermán.

Nr. 25/1910:

Sigfús Sveinbjarnarson
gegn

Árna presti Þórarinssyni.

D ó m u r:

Árni prestur Þórarinsson á Stóra-Hrauni í Kolbeinsstaðahreppi, hinn stefndi í máli þessu, lögsótti áfryjandann, Sigfús fasteignasala Sveinbjarnarson, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur til greiðslu á skuld að upphæð 400 kr. auk vaxta, og lauk því máli með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 10. marz þ. á., þannig, að áfryjandinn var skyldaður til að greiða stefnda hina umstefndu skuld

ásamt 5 % ársvöxtum frá 17. desbr. f. á. til borgunardags og 20 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ásamt úrskurði, uppkveðnum meðan á málinu stóð, hinn 27. janúar þ. á., er synjaði áfrýjanda um umbeðinn frest í málinu, hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 27. apríl þ. á., og hefir áfrýjandinn krafist þess fyrir yfirdóminum, að nefndur úrskurður verði ónýttur og málinu heimvísað til betri undirbúnings og nýrrar meðferðar í héraði; en til vara, að dóminum verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandinn verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum stefnda, og að stefndi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur í málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Stefndi hefir aftur á móti krafist staðfestingar á dóminum og að sér verði dæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Hinn 18. apríl 1907 gaf áfrýjandinn stefnda skriflega viðurkenningu fyrir því, að hann ætti honum vangreiddar 400 kr. af andvirði skips, er hann keypti af honum sama dag, og lofar áfrýjandi í bréfinu að hafa greitt stefnda þessa upphæð fyrir lok »næstkomandi októbermánaðar (3: 1907). Við þessa skuldaviðurkenningu eða skuldabréf styðst krafa stefnda í máli þessu á hendur áfrýjanda og hefir áfrýjandi eigi mótmælt henni, að hún væri rétt í sjálfri sér. En hann hélt því fram fyrir undirréttinum, að skuld þessi væri löngu greidd með skuldajöfnuði í öðrum viðskiftum þeirra málsaðila, og lagði fram reikning yfir þau viðskifti, en eftir honum átti áfrýjandi jafnvel að eiga hjá stefnda, er lokið væri umstefndri skuld, 200 kr. 50 a.

Í fyrsta réttarhaldi í málinu fyrir bæjarþinginu fekk

áfrýjandi 3 vikna frest til að gagnstefna málinu, en hann notaði eigi frestinn til þess, en lagði að eins fram í næsta réttarhaldi viðskiftareikning þann eða gagnreikning, er fyr er áminst, og krafðist skuldajafnaðar og sýkunar, og er stefndi krafðist þess, að reikningskröfu hans væri vísað á bug gagnvart skuldakröfu sinni samkvæmt hreinu og skilyrðislausu skuldabréfi, það áfrýjandinn um frest til að færa sönnur á gagnkröfur sínar, en honum var synjað um frestinn með úrskurði dómarans, sem áfrýjað er. Verður að fallast á að rétt hafi verið að synja um hinn nýja frest, með því að áfrýjandinn hafði eigi gagnstefnt málinu, þrátt fyrir áður fenginn frest til þess, og gagnkröfur hans gátu eigi komið til greina án gagnsóknar samkvæmt N. L. 5—13—4. Hinn áfrýjaði úrskurður verður því eigi feldur úr gildi eða málinu heimvisað eftir kröfu áfrýjanda.

Eins og þegar hefir verið tekið fram, hafa eigi komið önnur mótmæli fram gegn fyrnefndu skuldabréfi, er krafa stefnda styðst við, en þau, að því sé lokið með skuldajöfnuði í viðskiftum málsaðilauna, eins og framlagður gagnreikningur sýni, en þau mótmæli verða eigi, eins og áður hefir verið tekið fram, tekin til greina án gagnsóknar, og ber því, eins og gjört er í bæjarþingsdóminum, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda hina umstefndu skuld ásamt vöxtum, eins og tiltekið er í dóminum, og staðfestist því bæjarþingsdómurinn í öllum greinum, einnig málskostnaðarákvæði hans. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda og að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Áfryjandinn Sigfús Sveinbjarnarson greiði stefnda Árna presti Þórarinssyni í málskostnað fyrir yfirdómi 25 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. d. októbermán.

Nr. 43/1910:

Oddur Gíslason
fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag
gegn
Einari Gunnarssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði málaflutningsmaður Oddur Gíslason fyrir hönd Carl Stenders Kunstforlag í Kaupmannahöfn gegn cand. phil. Einari Gunnarssyni í Reykjavík, út af skuld, að upphæð 325 kr. 16 aur., er nefnt Kunstforlag taldi til hjá stefnda, og var málið dæmt í bæjarþingi Reykjavíkur 17. marz þ. á., á þá leið, að stefndi á að greiða áfryjanda upphæðina, 325 kr. 16 aur., með 5 % ársvöxtum frá 12. nóvbr. 1909 til borgunardags og 25 krónur í málskostnað; enn fremur var stefnda með dóminum gjört að greiða 10 kr. sekt til landssjóðs samkv. tilskipun 11. ágúst 1819, með því að hann hafi